



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni tillögu:** *Bætt aðstaða íbúa með nýjum íbúðakjarna í stað áfangastaðar að Ránargötu*

Lagt er til:

- a. að Reykjavíkurborg samþykki meðfylgjandi viljayfirlýsingu vegna leiguloka í tengslum við sölu Reita á fasteigninni að Ránargötu 12, og að leggja þar með niður áfangastaðinn Ránargötu 12.
- b. að þeim þremur einstaklingum sem búa í dag á Ránargötu 12 verði boðnir aðrir búsetukostir m.t.v. í lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem tóku gildi 1. október 2018. Í lögnum kemur fram í bráðabirgðaákvæði nr. II „*Fötlðu fólk sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.*“
- c. að þeir einstaklingar sem eru í húsnæði með stuðningi frá áfangastaðnum Ránargötu 12 fái tengingu við íbúðakjarna hjá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.
- d. að starfsmönnum áfangastaðarins Ránargötu 12 verði boðin sambærileg störf hjá velferðarsviði.
- e. að velferðarsvið Reykjavíkurborgar óski eftir því við Félagsbústaði að fjárfest verði í sjö tveggja herbergja íbúðum sem uppfylli lög nr. 38/2018 og reglugerð nr. 370/2016. Ein af sjö íbúðunum yrði notuð sem þjónustuíbúð/starfsmannaíbúð. Um yrði að ræða kjarna með 6 dreifðum íbúðum sem koma inn í heildarmagn íbúða sem velferðarsvið hefur til ráðstöfunar í þjónustu við fatlað fólk í stað þeirra sem nú fara út. Fjárhagsáætlun ársins 2021 fyrir Ránargötu 12 gerir ráð fyrir 68 m.kr. útgjöldum og verður það fjármagn nýtt í rekstur hins nýja kjarna.

Enginn fyrirséður kostnaðarauki fylgir þessari aðgerð en ætlunin er að nýta það fjármagn sem áætlað er til þessa rekstrar til að halda uppi óskertri þjónustu.

**Greinargerð:**

Áfangastaðurinn Ránargata 12 var stofnaður árið 2004 hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðs fólks í Reykjavík (SSR). Húsnæðið, sem byggt var árið 1932, er í eigu Reita fasteignafélags en Félagsbústaðir hafa séð um umsýslu þess fyrir velferðarsvið, m.a. innheimtu leigu hjá íbúum. Leigusamningurinn við Reiti ásamt viðauka sem gerður var við hann gildir frá 1. október 2004 til 31. desember 2029. Reykjavíkurborg yfirtók leigusamninginn árið 2011 þegar málaflokkur fatlaðs fólks færðist yfir til sveitarfélaga frá ríkinu. Húsið er á fjórum hæðum án lyftu með 6 íbúðum sem eru 27 til 36 m<sup>2</sup> að stærð. Í kjallaranum er aðstaða fyrir starfsmenn ásamt þvottahúsi, baðherbergi, setustofu og eldhúsi.

Hlutverk áfangastaðarins að Ránargötu 12 er að veita fólki með þroskahömlun og skyldar raskanir húsnæði og stuðning til að lifa sjálfstæðu og innihaldsríku lífi. Það er gert ráð fyrir því að íbúar á Ránargötu 12 búi þar í 2 til 3 ár. Markmið búsetunnar er að mæta þörfum íbúa á heildstæðan og einstaklingsmiðaðan hátt, einnig að íbúar öðlist sjálfstæði í ákvarðanatöku og athöfnum daglegs lífs og séu virkir í dagúræðum, skóla eða atvinnu.

Í dag búa þrír einstaklingar á Ránargötu 12 og auk þess veitir starfsfólk kjarnans þremur einstaklingum þjónustu í húsnæði með stuðningi. Íbúarnir þrír eiga umsóknir um millifluning í íbúðakjarna eða húsnæði með stuðning. Húsið hentar ekki vel fyrir þá starfsemi sem í því hefur verið á vegum velferðarsviðs og ástand þess er með þeim hætti að þrjár íbúðir standa auðar. Reitir hafa tekið ákvörðun um að setja húsið í söluferli, m.a. vegna þess sem að framan er rakið auk þess sem húsið er komið á verulega viðhaldsþörf. Reykjavíkurborg stendur til boða að losna undan leigusamningnum við sölu hússins en leigugreiðsla á mánuði er 1.155.533 kr.